

DJÚPBORUN VIÐ KRÖFLU, SKÚTUSTAÐAHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Um er að ræða borun 4.000 - 5.000 m djúprar rannsóknarholu við Kröflu í Skútustaðahreppi. Tilgangurinn er að finna jarðhita í yfirmarksástandi í rótum jarðhitasvæðisins og komast að því hvort hann sé nýtanlegur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 ci í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að veruleg óvissa ríki um hvernig til muni takast um framkvæmdina og möguleika á nýtingu jarðhita í yfirmarksástandi, enda er það yfirlýstur tilgangur með borun tilraunaholunnar að auka þekkingu á dýpri hluta jarðhitasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að úr þeirri óvissu fái ekki skorið nema með frekari rannsóknum sem borunin er liður í. En ef vel tekst til má vænta þess að unnt verði að vinna mun meiri orku úr jarðhitasvæðum með mun minni umhverfisáhrifum en gert hefur verið til þessa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsvirkjunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun 4.000 – 5.000 m djúprar rannsóknarholu norðan Kröflustöðvar í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. júní 2008.

22. maí 2008

INNGANGUR

Þann 19. mars 2008 tilkynnti Landsvirkjun um fyrirhugaða djúpbörðun við Kröflustöð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 ci í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðahreppi með bréfi dags. 15. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 4. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. maí 2008. Ekki barst umsógn frá iðnaðarráðuneyti. Frekari upplýsingar bárust frá Landsvirkjun með bréfum dags. 23. apríl og 16. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að áformað sé að bora 4.000 – 5.000 m djúpa tilraunaholu norðan Kröflustöðvar í Skútustaðahreppi. Um sé að ræða aðalrannsóknaholu íslenska djúpbörðunarverkefnisins (IDDP). Reiknað sé með að borun hefjist seinni hluta sumars 2008 og að rannsóknir á mögulegum vinnslueiginleikum geti jafnvel staðið til ársins 2015.

Markmið. Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að markmiðið með boruninni sé að finna jarðhita í yfirmarksástandi (e. super critical) í rótum jarðhitasvæðisins og komast að því hvort hann sé nýtanlegur. Talið sé að slíkan jarðhita sé að finna í rótum háhitasvæða en lítið vitað um vinnslueiginleikana. Ætlunin sé að bora rannsóknaholu niður í það dýpi sem líkur séu á að finna jarðhitavökva við yfirmarksþrýsting og hita. Einnig sé áformað að taka kjarnasýni af bergi og sýni af vökva, afla þekkingar um eiginleika jarðhitakerfisins og ef hægt sé, að kanna grundvöllinn fyrir efna- og orkuvinnslu. Grundvallarspurningin snúist um það hvort með djúpbörðunum megi vinna margfalt meiri orku úr háhitasvæðunum en gert hafi verið til þessa.

Borteigur. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að tveir staðir komi til greina fyrir borun holunnar. Svæði A sé á gömlu geymslusvæði miðja vegu milli Kröflustöðvar og holu KJ-26. Svæði B sé norðan holu KJ-25 á flatlendi neðan við bílastæði vestan Vítis og borstæði fyrir holu á þessum stað verði eins konar framlenging á núverandi borteig þar sem nú sé hola KG-25. Fram kemur að borsvæði A og B séu valin með það fyrir augum að forðast óþarfa rask. Útbúa þurfi um 4.000 m² borplan fyrir borinn og fylgihluti hans. Áætlað sé að borteigur og svæði undir útblástursbúnað og rannsóknaraðstöðu geti samtals orðið um 7.000 m². Þegar borun verði lokið verði svæðið lagfært þannig að það falli að umhverfinu og sáð í sár þar sem það eigi við. Allt efni og búnaður sem ekki tengist nýtingu holunnar, rannsóknum og tilraunum verði fjarlægð að borun lokinni.

Borhola. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að bortími sé áætlaður um 3 til 5 mánuðir en það sé talsvert lengri tími en taki að bora hefðbundna vinnsluholu á háhitasvæði. Vinnslufóðring verði sett í holuna niður í um 3.500 metra dýpi til að einangra dýpri hluta holunnar frá hefðbundnum vinnsluhluta jarðhitakerfisins á Kröflustöð. Fyrir neðan vinnslufóðringu sé gert ráð fyrir götuðum leiðara niður á um 4.500 metra dýpi. Á bortímanum þurfi að tryggja að nægilegt borvatn sé til

staðar. Gera þurfi ráð fyrir að hafa tiltæka um 70-80 l/s af borvatni. Vatn til kælingar og skolunar á borsvarfi upp úr tilraunaholunni muni fást úr nýrri borvatnsveitu Kröfluvirkjunar. Á hvorum borstað fyrir sig sé gert ráð fyrir að stutt niðurgrafin borvatnslögn verði lögð frá núverandi borvatnsveitustofni að borstaði. Frárennsli frá borholu verði sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem falli í sérstaka svarfþró og verði því fargað að lokinni borun. Síðan verði borvatn leitt í setþró þar sem megnið af fíngerðu borsvarfi botnfalli. Borvatni sem renni frá setþrónni verði beint í Hlíðardalslæk ef borað verði á borsvæði A en ef borað verði á borsvæði B yrði borvatni veitt í nálægan leysingafarveg, þaðan sem það renni í Hlíðardalslæk. Hugsanlegt sé að við borun komi upp þær aðstæður að steypa þurfi upp í holuna. Til dæmis ef drepa þurfi niður gos í holunni eða ef komið sé niður á jarðhitavökva við yfirmarksástand sem ekki tekst að hemja. Öryggisráðstafanir verði strangar við borun og starfsmenn muni fá þjálfun í að bregðast við mismunandi aðstæðum sem komið geta upp við borun og tilraunir.

Niðurrennslistögn. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að hvorki sé vitað um magn né samsetningu þess jarðhitavökva sem berast muni upp úr holunni enda sé eitt af aðalmarkmiðunum með borun djúpholunnar að komast að því. Búast megi við einhverjum efnum sem óásættanlegt verði talið að losa á yfirborði eða í efri grunnvatnslög. Því verði undirbúið að leiða vökvann í djúpa borholu á Kröflusvæðinu (KJ-26). Hóla KJ-26 sé 2.100 m djúp og hafi verið nýtt til niðurrennslistilrauna fyrir Kröfluvirkjun síðan 2002. Nú séu losaðir í hana 50-60 l/s. Verði borað á svæði A sé áætlað að niðurrennslistögnin verði um 350 m löng og lögð meðfram veginum upp að Víti í norður að holu KJ-26. Frá svæði B sé gert ráð fyrir að niðurrennslistögn verði um 1.000 m að lengd. Hún verði lögð austan við KJ-25 og KJ-04 og undir veginn að Víti að holu KJ-13. Þaðan muni hún liggja niður hlíðina og undir veginn aftur að holu KJ-26. Gert sé ráð fyrir að hún verði fjarlægð eftir að rannsóknnum og tilraunum á svæðinu verði lokið sem talið sé að geti tekið fimm til tíu ár. Ekki sé talin ástæða til að hafa þessa lögn hulda eða niðurgrafna vegna þess að um tímabundna lögn sé að ræða sem unnt verði að komast greiðlega að vegna óvissu um hita, tæringu og útfellingar.

Rannsóknar- og starfsmannaaðstaða. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að gert sé ráð fyrir að tímabundið verði settar upp færanlegar vinnubúðir í nágrenni við holuna sem hýsi rannsóknaraðstöðu vísindamanna og geymslurými. Þá þurfi einnig að gera ráð fyrir skrifstofurými vegna úrvinnslu gagna. Gert sé ráð fyrir að sama aðstaðan nýtist í borun og síðar við prófun á vökva úr holunni. Umfang og staðsetning bygginga sé enn nokkuð óviss en miðað verði við að þær verði í algjöru lágmarki og rúmist á athafnasvæði við tilraunaholuna. Gisting og mötuneyti fyrir starfsmenn við borun, rannsóknir og framkvæmdir vegna tilraunaorkuvers verður í vinnubúðum við Kröflustöð. Ekki er gert ráð fyrir fráveitu frá rannsóknar- og starfsmannaaðstöðu.

Prófanir og tilraunir. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að markmið fyrsta hluta rannsókna sé að komast að því hvort jarðhitavökva við yfirmarksástand sé að finna á Kröflusvæðinu. Eftir að borun lýkur taki við rannsóknir á eiginleikum vökvans og vinnslumöguleikum. Niðurstöður rannsókna geti síðar leitt til ákvörðunar um að reisa tilraunaorkuver við holuna. Gert sé ráð fyrir að einhvers konar blástursbúnaður verði settur við tilraunaholuna eftir borun. Þar sem ekki sé vitað um samsetningu og eðli jarðhitavökvans sem upp komi sé enn mikil óvissa um útfærslu á búnaði til mælinga og sýnatöku. Einnig sé gert ráð fyrir að einhvers konar hljóðdeyfir verði settur við holuna og borholuhús verði reist yfir holutoppsbúnað á tilraunatímanum. Hugsanlega

verði einnig sett upp skilja við holuna. En fyrst þurfi að komast að einhverju um vökvann. Við prófanir losni jarðhitalofttegundir út í andrúmsloftið. Erfitt sé að segja fyrir um hvaða lofttegundir það verði en talið sé að jarðhitavökvi við yfirmarksástand muni hafa svipaða efnasamsetningu og hefðbundinn jarðhitavökvi. Ef miðað sé við djúpvatn og gufu borholuvökva á Kröflusvæðinu sé talið að búast megi við eftirfarandi jarðhitalofttegundum: Koldíoxíði (CO_2), brennisteinsvetni (H_2S), vetni (H_2), súrefni (O_2), metani (CH_4) og köfnunarefni (N_2).

Tilraunaorkuver. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að ef niðurstöður IDDP-borana, rannsókna og tilrauna verði jákvæðar sé hugsanlegt að reist verði tilraunaorkuver við holuna með uppsett rafafll allt að 500 kWe. Gert sé ráð fyrir að reisa þurfi skýli eða hús yfir orkuverið. Á þessu stigi sé mikil óvissa um uppsett afl og umfang og staðsetningu mannvirkja, auk þess sem ekki sé vitað hvort tilraunaorkuver verði nokkurn tíma reist. Áformað sé að í orkuverinu verði jarðhitavökvi við yfirmarksástand nýttur til að gera tilraunir með varmaskiptum við ferskt vatn. Jarðhitavökvinn verði í lokaðri rás og honum verði skilað aftur úr vinnslurásinni um niðurrennslisveitu niður í jarðhitakerfið. Umfram ferskvatn úr kælivatnshringrás verði losað í Hlíðardalslæk frá svæði A, en í næsta leysingafarveg frá svæði B. Af báðum svæðum komi einnig til greina að losa umfram ferskvatn í 15-20 m djúpar niðurrennslisholur í Hlíðardal. Gert sé ráð fyrir að jarðhitavökvinn verði í lokaðri hringrás í tilraunaorkuverinu og muni jarðhitalofttegundir ekki verða losaðar frá því út í andrúmsloftið.

Væntingar um ávinning. Fram kemur að ef vel takist til megi með djúpbörnum væntanlega draga úr umhverfisáhrifum jarðhitavinnslu til langs tíma lítið, auka nýtni háhitavinnslu umtalsvert og hugsanlega vinna verðmæt steinefni og málma úr djúpvökva. Hvað steinefni og málma varði sé þó einkum hugsað til söltu jarðhitakerfanna, svo sem á Reykjanesi og í Svartsengi. Lögð verði áhersla á heildstæða vinnslu auðlindanna þ.e.a.s. athugað verði með hvaða hætti megi flétta saman framleiðslu raforku, framleiðslu varmaorku til iðnaðar, lífræna og ólífræna efnavinnslu, skipulagða fræðslu, ferðamennsku o.fl. Eiginleikar háhitakerfanna til niðurdælingar á vatni, bæði til förgunar á affallsvatni og varmvinnslu, verði einnig kannaðir. Eins verði gaumgæfður sá möguleiki að nota íslensk háhitakerfi sem rannsóknar- og þróunarvettvang.

Áhætta. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að ekki sé á vísan að róa og verkefnið sé áhættusamt enda sé verið að feta nýjar brautir á mörgum sviðum og margvísleg tæknileg atriði enn óleyst. Borun 4000-5000 m djúprar holu sé miklu flóknari en borun venjulegra 2000-2500 m djúpra háhitahola. Til dæmis þurfi að steypa fastar stálfóðringar niður á allt að 3500 m dýpi, þar sem búast megi við 150-200 bara þrýstingi og um 400°C hita en fóðringar hafi ekki verið steyptar við slíkar aðstæður áður, hvorki hér á landi né annars staðar. Holutoppsbúnaður þurfi einnig að vera miklu öflugri og sterkari en venja er, til að taka móti 400-600°C heitri þurrugufu og allt að 250 loftþyngda þrýstingi.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í gögnum Landsvirkjunar kemur fram að bæði borsvæðin séu innan svæðis sem afmarkað sé sem orkuvinnslusvæði í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Bæði svæðin eru jafnframt á svæði sem afmarkað er sem iðnaðar- og orkuvinnslusvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Svæði A er á svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í deiliskipulagi Kröflusvæðisins en svæði B er á skilgreindu borsvæði í sama deiliskipulagi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Skútustaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Orkustofnunar kemur fram að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að borun á svæði B kunni að hafa umtalsverð sjónræn áhrif í för með sér og mjög neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu. Fremur skuli velja borun á svæði A vegna minni umhverfisáhrifa.

Áhrif efnistöku. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að ekki sé ljóst úr hvaða nánum verði tekið efni. Jafnframt er bent á að brýnt sé að þannig verði staðið að efnistöku að sem minnstra áhrifa gæti á umhverfið og samræmi sé í efnistöku og frekari áformum um nýtingu efnistökuastaðanna.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að gert sé ráð fyrir að taka fylliefni fyrir borteig og lagnir annars vegar úr námu við Grænugilsöxl (um 1.000 m³) á virkjanasvæðinu við Kröflu og hins vegar úr nýrri námu í austanverðu Sandabotnaskarði (um 4.000 m³).

Áhrif á vatnsgæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að æskilegt væri að losa kælivatn í niðurrenslisholur til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á yfirborði. Einnig sé mikilvægt í ljósi þess að búast megi við einhverjum efnum í jarðhitavökva sem óásættanlegt sé talið að losa á yfirborði eða í efri grunnvatnslög að allur jarðhitavökvi verði leiddur í niðurrenslisholu. Gangi það eftir verði áhrif á yfirborði væntanlega óveruleg.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að það ráðist af magni og hita kælivatns hver umhverfisáhrif þess verða. Kælivatnið sé upphitað ferskvatn sem verði leitt í lögna frá borteignum að hentugu losunarsvæði. Djúpvökvi sem innihaldi efni sem óásættanlegt sé talið að losa á yfirborði eða í efri grunnvatnslög verði losaður í djúpa borholu á Kröflusvæðinu (KJ-26).

Áhrif á loftgæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna þeirrar óvissu sem ríki um efnasamsetningu jarðhitagufunnar og magn jarðhitaloftegunda sé erfitt að spá fyrir um hugsanleg áhrif vegna losunarinnar. Umhverfisstofnun telur að athuga ætti hreinsun eða að farga gufunni með einhverjum hætti ef mikið magn klórgass mælist í henni eða ef gufan verði rík af vetnisklórlíði. Stofnunin veur jafnframt athygli á að eðlilegt væri að skoða sammögnunaráhrif með því sem þegar er losað á svæðinu sem og áætlaðri losun vegna fyrirhugaðra virkjana í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að búist sé við sömu lofttegundum og þekktar séu á virkjunarsvæðinu. Gert sé ráð fyrir takmarkaðri og tímabundinni losun lofttegunda. Minnt er á að hola K-36 á Kröflusvæðinu hafi eingöngu verið látin blása í 7 daga áður en henni hafi verið lokað, en sá tími reyndist nægur til mælinga og sýnatöku. Bent er á að áætluð losun frá 500 kW orkuveri sé minni en frá meðal öflugri vinnsluholu.

Áhrif á hljóðvist. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að óvissa ríki um umfang blástursbúnaðar og hljóðdeyfi og hávaða frá holunni verði hún látin blása. Hávaði frá borholu KJ-34 við Víti hafði truflandi áhrif á suma ferðamenn meðan holan hafi verið í blæstri. Hávaði frá holunni í blæstri geti því valdið ferðamönnum ónæði. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að ráðgert sé að framkvæmdatími borana

verði utan mesta ferðamannatímans eða haustið og veturinn 2008-2009 og ætlunin sé að kynna fyrirhugaðar rannsóknir fyrir ferðamönnum og öðrum sem leið eigi um framkvæmdasvæðið með upplýsingaskiltum sé staðsetning djúpborunarholu á svæði B til þess fallin að valda ferðamönnum ónæði. Vegna þessa beri að velja holunni stað á svæði A.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að hávaði frá blásandi borholum sé hvorki það mikill né varanlegur að hann eigi að ráða staðsetningu holunnar. Ferðamenn komi ekki eingöngu á svæðið til að skoða náttúruminjar. Auk þess sé miðað við að framkvæmdatími við borun og blástur verði utan aðal ferðamannatíma.

Sjónræn áhrif. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji mikilvægt að framkvæmdum við fyrirhugaða djúpborun verði hagað þannig að hún hafi sem minnst sjónræn áhrif í för með sér og sem minnst áhrif á upplifun ferðamanna sem komi inn á svæðið. Með tilliti til þess sé borun á svæði A mun betri en borun á svæði B því staður A sé niðri í dalnum og myndi ekki standa neitt út úr þar. Ef borað verði á Vítismó verði borinn nánast í beinni sjónlínu á milli Vítis og Leirhnjúks, en það myndi snarbreyta ásýnd svæðisins. Þá verði niðurrennsliðgnin þrisvar sinnum lengri frá holu á svæði B en svæði A sem auki á sjónræn áhrif enda ekki fyrirhugað að reyna að hylja lögnina að neinu leyti. En engar leiðslur séu í dag á svæðinu á milli Vítis og Leirhnjúks. Þá telji Umhverfisstofnun að við val á borsvæði beri einnig að hafa í huga að borun IDDP-holu kalli ef til vill síðar meir á uppsetningu tilraunaorkuvers sem auki á sjónræn áhrif.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að djúpborunin sé einstök tilraun sem eigi sér ekki hliðstæðu í heiminum. Fyrir vikið muni tilraunin vekja mikla athygli og efla ferðamennsku á svæðinu. Eftir að borinn hafi verið fjarlægður muni standa eftir gámaeiningar þar sem rannsóknir muni fara fram. Ef til þess komi að ekki verði framhald á tilraunum eftir borun séu miklar líkur á því að borholan verði nýtt sem vinnsluhola fyrir Kröfluvirkjun eða sem niðurrennslishola.

Áhrif á gróður. Umhverfisstofnun bendir á að borun á svæði B hafi meiri áhrif á gróður en borun á svæði A. Á svæði B sé krækilyngs- og víðimói og gróðurþekja um 70% að meðaltali, sem og á fyrsta hluta lagnaleiðar frá svæði B. Mestur hluti svæðis A var hins vegar áður geymsluplan sem nú hafi verið grætt upp. Svæðið sé flokkað sem fjalldrapamói með 50% gróðurþekju að meðaltali.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að við mat á umhverfisáhrifum stækkunar Kröfluvirkjunar hafi verið gert ráð fyrir því að bora vinnsluholur á sama borsvæði. Í því mati hafi jafnframt verið gert ráð fyrir að leiða gufu frá vinnsluholum að skiljustöð gufuveitunnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun 4.000 - 5.000 m djúprar rannsóknarholu við Kröflu í Skútustaðahreppi. Tilgangurinn er að finna jarðhita í yfirmarksástandi í rótum jarðhitasvæðisins og komast að því hvort hann sé nýtanlegur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 ci í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður, landslag, jarðmyndanir og náttúruminjar verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur að vegna nálægðar við Víti muni borun á svæði B, á Vítismó, hafa neikvæðari áhrif á ferðamennsku en á svæði A. Þar sem tímasetning borana og blásturs séu áformuð utan aðal

ferðamannatímans verði þau ekki veruleg, sbr. einnig úrskurð Skipulagsstofnunar um stækkun Kröfluvirkjunar dags. 7. desember 2001, en borplan á svæði B er innan borsvæðis sem þar var gert ráð fyrir. Bæði borsvæðin sem koma til greina eru innan afmarkaðs iðnaðarsvæðis í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Skipulagsstofnun telur að veruleg óvissa ríki um hvernig til muni takast um framkvæmdina og möguleika á nýtingu jarðhita í yfirmarksástandi, enda er það yfirlýstur tilgangur með borun tilraunaholunnar að auka þekkingu á dýpri hluta jarðhitasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að úr þeirri óvissu fái ekki skorið nema með frekari rannsóknum sem borunin er liður í. En ef vel tekst til má vænta þess að unnt verði að vinna mun meiri orku úr jarðhitasvæðum með mun minni umhverfisáhrifum en gert hefur verið fram til þessa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsvirkjunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun 4.000 – 5.000 m djúprar rannsóknarholu norðan Kröflustöðvar eða á Vítismó í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins verði svæði A fyrir valinu. Einnig þarf að breyta aðal- og deiliskipulagi svæðisins áður en veitt er framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Sandabotnaskarði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. júní 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson